

eyjar eða hólma við strendurnar til að verka hann þar, en aptur á móti banna þeim ekki að flytja afla, sem þeir hafa fengið fyrir utan landhelgi, inn fyrir hana og verka hann á skipum eða búa hann út til útflutnings á annan hátt, t. a. m. salta hann í tunnur, leggja hann í is, eða skipa honum í önnur skip, ekki get álitíð óleyflegt, að ofanefnt fiskiveiðafjelag, hvort heldur eitt saman eða í sameiningu við annað útlent fiskiveiðafjelag, hafi ísgeymslu í skipi, sem liggur í landhelgi, til afnota við fiskiveiðar sínar.

Auglýsing

79
19. júlí.

um breyting á yfirsetukvennaumdæmum í Skagafjarðarsýslu
(sbr. Stj.tíð. 1889 B. bls. 149—151).

Samkvæmt ályktun amtsráðsins í norðuramtinu 12. þ. mán., verður skipun yfirsetukvennaumdæma í Skagafjarðarsýslu austan Hjeraðsvatna þannig:

1. Austur-Fljót og Barðstorfán með Haganesi; takmörk að austan eru um Hofsvatn, Akraós og Tíðaskarð.
2. Vestur-Fljót og Sljettuhlíð að utanverðu að Hrolleifsdalsá.
3. Sljettuhlíð frá Hrolleifsdalsá inn að Undhóli; Ósland er þá innsti bærinn í því umdæmi.
4. Hofshreppur frá Undhóli, Hólahreppur og Viðvíkurhreppur að bæjunum Enni, Narfastöðum og Lóni; Bakki og Lækur eru þá innstu bæir í því umdæmi.
5. Viðvíkurhreppur frá Enni, Akrahreppur að Djúpadalsá og Hegranesið.
6. Akrahreppur frá Djúpadalsá.

Umdæmin austan vatna verða þannig 6, en voru áður 5. Vestan vatna verður sama niðurskipun á umdæmunum, sem áður var, þannig einungis, að 6. umdæmið verður hið 7. o. s. frv.

Skrifstofu norðuramtsins, 19. júlí 1894.

Kl. Jónsson.

settur.

Ágrip

80

af reikningi yfir tekjur og gjöld Thorkillii barnaskólasjóðs árið 1893.

Tekjur:

Kr. a.

1. Eptirstöðvar við árslok 1892:

a. Innritunarskírteini Ltra A. Fol. 87	kr. 28,500,00	
b. Skuldabréf einstakra manna	— 36,910,89	
c. Í sparisjóði Reykjavíkur	— 2,178,67	
d. Útistandandi Vextir	— 32,00	
e. Í peningum	— 401,13	68022 69
		Flyt: 68022 69